

FJÁRFESTINGARSTEFNA

2.1 Markmið um eignasamsetningu

Fjárfestingarstefna Festu lífeyrissjóðs er grundvölluð á samþykktum sjóðsins og lögum um lífeyrissjóði. Sjóðstjórar sjóðsins skulu ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

2.2 Fjárfestingarstefna Festu lífeyrissjóðs

Í samræmi við það sem að ofan greinir skal skipting verðbréfaeignar í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru í töflu 1 hér að neðan. Um nánari skiptingu hlutabréfa má sjá í töflu 2. Eignaskipting getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er.

| Flokkar verðbréfa | Stefna | Vikmörk |
|---|--------|---------|
| Innlán í bönkum og sparissjóðum | 0% | 0%-30% |
| Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs | 36% | 20%-70% |
| Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga | 12% | 0%-20% |
| Skuldabréf og vixlar banka, sparissjóða og annarra lánastofnana | 5% | 0%-15% |
| Fasteignatryggð skuldabréf | 5% | 0%-15% |
| Hlutabréf | 22% | 9%-50% |
| Hlutir og hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárf. | 10% | 0%-15% |
| Önnur verðbréf | 10% | 0%-25% |
| Samtals: | 100% | |

Tafla 1, Flokkar verðbréfa

| | Markmið | Lágmark | Hámark |
|-------------------|------------|-----------|------------|
| Hlutabréf | 22% | 9% | 50% |
| Innlend hlutabréf | 5% | 2% | 15% |
| Erlend hlutabréf | 17% | 7% | 35% |

Tafla 2, Hlutabréf – sundurliðun á fjárfestingarstefnu

Fjárfestingarstefna sjóðsins er sett fram til lengri tíma litið. Það getur því tekið nokkur ár að ná markmiðum um fjárfestingarstefnu í einstökum flokkum verðbréfa. Takmarkandi þættir, s.s. gjaldeyrishöft og skortur á framboði ákveðinna verðbréfa, geta tafið slíkt ferli.